



ALMANNAVARNIR SUÐURNESJA, utan Grindavíkur
Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbær

71. fundur

Fundur haldinn í stjórn Almanna- og Suðurnesja utan Grindavíkur, fimmtudaginn 29. ágúst 2024 kl. 11:00 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja bs. að Flugvöllum 33, Reykjanesbæ.

Mætt voru: Kjartan Már Kjartansson formaður, Úlfar Lúðvíksson, Birgir Örn Ólafsson, Magnús Stefánsson, Gunnar Axel Axelsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Guðlaug R. Guðjónsdóttir, Fjölur Freyr Guðmundsson, Arnar Steinn Elíasson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Gunnar Schram (Lögreglan á Suðurn.), Davíð Viðarsson (sveitarfélagið Vogar), Einar Snorrason (RNB), Eðvarð Atli Bjarnason (Svæðisstj. björgunarsv.), Gústav Jakob Daníelsson (HS veitur), Ingvi Þór Hákonarson (B.S.), Guðbergur Reynisson (RKÍ) og Tómas Már Sigursson (HS Orka) sem sat fundinn í gegnum TEAMS.

Gestir fundarins: Björn Oddsson (almanna- og Suðurnesja Ríkislögreglustjóra), Þorsteinn Jóhannsson (Umhverfisstofnun) og Einar Halldórsson (Umhverfisstofnun)

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Breyting á skipan fulltrúa í Almanna- og Suðurnesja utan Grindavíkur.

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar þann 8. ágúst 2024 var eftirfarandi fært til bókar: Bæjarráð skipar formann bæjarráðs Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur sem varamann í Almanna- og Suðurnesja utan Grindavíkur í stað Guðlaugs H. Sigurjónssonar.

2. Björn Oddsson Jarðeðlisfræðingur fer yfir stöðuna á Reykjanesi.

Björn fór yfir spálíkönin og bar þau saman við nýjustu niðurstöður vísindamanna. Síðasta gos hófst með aðeins 30 mín fyrirvara. Skjálftavirkni hefst oftast á svipuðum stað en sprungan opnast svo eins og rennulás. Sprungan er virk milli Fagradalsfjalls og Litla Skógfells í þetta skipti. Landslagið er fljótt að breytast og því er mikilvægt að keyra spálíkön reglulega. Hraunjaðarinn er núna 3,5 – 5 km fjarlægð frá Reykjanesbrautinni. Ekki er talin bráðhætta á því að hraun renni yfir Reykjanesbrautina en vel er fylgst með því. Hraunið rennur í norðvestur í átt að hringtorgi við Grindavíkurveg/Reykjanesbraut. Segja má að Svartsengi sé komið fyrir vind í þetta skipti. Björn benti á að síðu Veðurstofunnar, www.aflogun.vedur.is en þar er að finna góðar upplýsingar um jarðhreyfingar.

3. Úlfar Lúðvíksson Lögreglustjóri fer yfir stöðu mála tengt jarðhræringum.

Lögreglustjóri fór yfir stöðu mála en gosið er á heppilegum stað í þetta skipti. Fylgst er vel með gosmengun. Tekinn var niður umferðarhraði á ákveðum stað á Reykjanesbrautinni en þeim umferðartakmörkum verður aflétt í dag. Bannað er að leggja við

Reykjanesbrautina en hægt er að leggja við Grindavíkurveg hafi fólk hug á því að skoða gosið. Lögreglustjóri sagði um leið og búið væri að gera Grindavíkurbæ að öruggara svæði væri hægt að létta lokunarpóstum. Bæði lögregla og slökkvilið eru með sólarhringsviðveru í bænum en gist er í 25-30 húsum.

Unnið hefur verið að því að sprengjuleita svæðið í nálægð við göngustíga við gosstöðvarnar. Slökkviliðsstjórar hafa metið það svo að ekki sé forsvaranlegt að fara með slökkviliðsmenn inn á þetta svæði.

4. Þorsteinn Jóhannsson sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun fer yfir mengun og gas.

Þorsteinn fór yfir loftmengun og mælingar frá eldgosinu. Tvennskonar mælar í gangi SO₂ og svifryksmælar á mismunandi stöðu á skaganum. Tvennskonar mengum frá sprungugosum, brennisteinsdíoxíð og gosmóða. Gosmóðan tekur marga daga að myndast öfugt við SO₂. Fór yfir heilsuviðmið samkvæmt reglugerð. SO₂ tafla hefur verið lengi til en það hefur vantað slíka töflu fyrir gosmóðuna. Betri leiðbeiningar vantar fyrir svifryksmengunina. Formaður óskaði eftir því hvort Umhverfisstofnun gæti tekið saman kynningarmyndband sem hægt væri að dreifa til íbúa sveitarfélaganna og Þorsteinn að skoða það.

5. Arnar Steinn verkefnastjóri fer yfir áhættu og áfallaþol og viðbragðsáætlanir sveitarfélagana. Hver gerir hvað ?

Vinna hafinn með veitufyrirtækjum og sveitarfélögum varðandi viðbragðsáætlanir. Reykjanesbær búinn með einhvern hluta af þessari vinnu. Mun boða fulltrúana aftur í næstu viku til að koma vinnunni einnig af stað hjá Sveitarfélaginu Vogum og Suðurnesjabæ.

6. Framkvæmdastjóri almannavarna.

Jón Guðlaugsson sinnti þessi hlutverki áður en þegar nýr slökkviliðsstjóri var ráðinn þá var ekki gert ráð fyrir þessu hlutverki í hans starfslýsingu. Menn eru sammála um að það færi best á því að Arnar Steinn myndi sinna þessu starfi. Formaður leggur til að að formaður og lögreglustjóri fái umboð til að ræða frekar við Arnar Stein um að taka þetta hlutverk að sér. Nefndarmenn samþykktu þessa nálgun. Málinu frestað til næsta fundar.

7. Flugslysaæfing í nóvember.

Arnar Steinn kynnti flugslysaæfingu sem fer fram aðra helgina í nóvember eða þann 16. nóvember. Þetta er stór æfing þar sem viðbragðsaðilar af öllu svæðinu taka þátt og er undirbúningur hafinn. Í aðdraganda æfingar verður þjálfun og fræðsla.

Önnur mál.

Skoða hvort og hvenær sé þörf á að halda upplýsingafund fyrir íbúa sem væri þá í höndum Almannaþingarnefndar.

Fundi slitið kl. 12.35